# Skógræktarfélag Ísafjarðar

12. nóvember 2019

Ísafjarðarbær

Stjórnsýsluhúsinu

400 Ísafirði

Ísafjarðarbær
MÓTTEKIÐ
14. nóv. 2019
Málsnr. 2019-11-0055
Frumrit

**Framkvæmdaleyfi fyrir göngustíg í sveig um Tungudalsbotn**

Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir göngustíg, á til að ljúka stíg fyrir botninum á dalnum að Tunguá báðum megin, en stefnt er að brú þar í framhaldinu. Kaflarnir er merktir 2 og 3 á meðfylgjandi uppdrætti. Stígurinn skal gerður þannig að lokum að hann beri stóra dráttarvél eða samsvarandi og sé að lágmarki 3,5 m á breidd. Gert er ráð fyrir að flytja þurfi nokkuð efni að í stíginn.

Á meðfylgjandi mynd eru númer 1 til 8 við stígakafla, sem teiknaðir hafa verið og verður nú farið yfir kaflana.

Kafli 1: Stígur lagður af Skógrækatarfélaginu fyrir rúmum 10 árum í framhaldi af stíg um Tunguskóg.

Kafli 2: Framhald af kafla 1 að Tunguá og er sótt um framkvæmdaleyfi fyrir hann nú. Efni til að fullgera þennan kafla þarf mögulega að flytja yfir Tunguá þegar það verður hægt.

Kafli 3: framhald af 1 og 2 en hinum megin Tunguár og að stíg upp með þjóðveginum, verður nálægt því að vera lárétttur. Brúarstæði ræður miklu um leguna. Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir hann nú.

Kafli 4: Teiknað skipulag, en stígur þessa leið væri mjög brattur, því lagði Skógrækatrfégaið stíg ofar

Kafli 5: Teiknað skipulag framhald af kafla 4. Ekki heppleg lega ef kafli 4 er ekki gerður.

Kafli 6: Teiknað skipulag frá stíg sem liggur í sveig um dalbotinn niður á túnin.

Kafli 7: Teiknað skipulag nánast beint upp brekkuna og er því óþægilega brattur. Mögulegt er þó að mjór stígur eigi að vera með ánni alla leið.

Kafli 8: Teiknað skipulag, stígur af stíg í sveig um botninn upp á Skíðasvæðið, liggur einnig í *framhaldi* af kafla 6 og er í fullu gildi.

*Frávik í tillögu* Skógræktarfélagsins frá teiknuðu skipulagi er að kaflar 1, 2 og 3 koma í aðalatriðum í stað kafla 4 og 5. Rök fyrir því eru halli lands og stígs og einnig hugmynd um brú neðarlega yfir árgljúfrið. Markmiðið er það sama að fá stíg um dalbotninn, en þessi lega er talin falla betur að landslagi og stígur verður ekki eins brattur eins og áður er sagt.

Réttir aðilar þurfa að ákveða hvort nauðynlegt er talið að breyta skipulagsteikningu.

Fyrir hönd Skógræktarfélags Ísafjarðar.

Gísli Eiríksson

Formaður

Fylgiskjal: Uppdráttur af Tungudal með gangstígstillögum.

